



Tálknafjörður

Tálknafjarðarhreppur - Kt. 640269-6779 - Strandgötu 38, 460 Tálknafjörður - sími: 450-2500 - talknafjordur@talknafjordur.is

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Alþingi við Austurvöll  
101 Reykjavík

Tálknafjörður, 26. október 2023

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024 – 2028, 315. mál.**

Á 621. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 24.10.2023 var tekið fyrir erindi frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dags. 12.10.2023 þar sem send er til umsagnar tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028. Sveitarstjórn fól sveitarstjóra og oddvita sveitarstjórnar að ganga frá og senda inn umsögn Tálknafjarðarhrepps um þingsályktunartillöguna og sendist sú umsögn í þessu erindi.

Hér er horft til forgangsroðunar þeirra framkvæmda sem snúa að íbúum á sunnanverðum Vestfjörðum og áhersla lögð fyrst og fremst á þær framkvæmdir og samgönguöryggi þeirra. Ástand vegakerfisins á sunnanverðum Vestfjörðum er afar bágborið og Vegagerðin hefur lýst **Bíldudalsveg nr. 63** ónýtan svo ljóst má vera að brýn þörf er á úrbótum sem allra fyrst.

Á **Vestfjarðavegi 60** hafa verið miklar framkvæmdir í Gufudalssveit og á Dynjandisheiði og er það vel en betur má ef duga skal og nauðsynlegt að flýta þeim framkvæmdum enn frekar en lagt er til í þessari áætlun. Einn af þeim köflum á Vestfjarðavegi sem þarfnast endurbóta er vegurinn um Reykhólasveit sem er á áætlun á 2. tímabili áætlunarinnar. Nauðsynlegt er að flýta þeim endurbótum sem kostur er þar sem vegurinn hefur látið verulega á sjá með aukinni þungaumferð í kjölfar uppbyggingar í laxeldi og fyrirsjáanlegt að sú uppbygging aukist enn frekar með aukinni umferð. Allar tafir á bættum samgöngum hafa í för með sér mikinn kostnað íbúa vegna slits á bílum, lengri ferðatíma og verulegan skort á umferðaröryggi á þessum leiðum. Þeir vegir sem þessar endurbætur eiga að leysa af hólmi eru lélegir og langt því frá að uppfylla þær öryggiskröfur sem gerðar eru í dag í umferðarmannvirkjum.



**Vetrarþjónusta** skiptir mjög miklu máli fyrir sunnanverða Vestfirði og því er gerð athugasemd við að fjármagn til þessarar þjónustu sé ekki aukið meira en raun ber vitni í áætluninni. Auk þess að auka fjármagn til vetrarþjónustu þarf að endurskoða reglur um þá þjónustuflokka sem ráða þjónustustigi. Þar verður að horfa til umferðaraukningar og hvers konar ökutæki fara um veginna. Aukin umferð þungra flutningabíla þarf að telja hærra í umferðartalningum en fólksbílar og taka þarf tillit til umferðar flutningabíla og verðmætis þess útflutnings sem um veginna fara við endurskoðun á þjónustureglum. Einnig þarf að vera hægt að bregðast við aukinni og breyttri umferð á hverju svæði fyrir sig án þess að uppfæra þurfi allt landið með sömu reglum. Aukið fjármagn til vetrarþjónustu gæti hugsanlega bætt öryggi á þeim vegum þar sem ástandið er einna verst, en ekki er að sjá á áætluninni að gert sé ráð fyrir slíkri aukningu. Það er afar slæmt þar sem ástand á vegum á sunnanverðum Vestfjörðum er orðið svo slæmt að erfitt er að sjá hvernig hægt er að sinna vetrarþjónustunni með ásættanlegum hætti nema til komi aukið fjármagn til að tryggja öryggi vegfarenda. Þó er jákvætt að Vegagerðin eigi að móta verklagsreglur um fylgdarakstur með snjóruðningstækjum og brýnt að þær reglur komist í framkvæmd sem allra fyrst til að sem minnstar tafir verði á flutningi inn og út af svæðinu þegar veður og færð eru erfið.

Varðandi jarðgangaáætlun sem tilgreind er í áætluninni er jákvætt að jarðgöng undir Mikladal og Hálfán, **Suðurfjarðagöng**, eru komin inn í áætlunina en sú skilgreining Vegagerðarinnar að þau séu ekki mjög brýnt verkefni veldur verulegum vonbrigðum. Þeir vegir um Mikladal og Hálfán sem eiga að leysa af hólmi eru orðnir gamlir og mjög illa farnir eftir stórauðna þungaumferð síðustu ára sem er margfalt umfram það sem þeir voru byggðir til að þjóna. Sveitarfélögin Tálknafjarðarhreppur og Vesturbyggð eiga í formlegum sameiningarviðræðum og það hefur komið skýrt fram í þeirri stöðugreiningu sem unnin hefur verið í tengslum við þá vinnu að Suðurfjarðagöng eru lykilatriði í að nýtt sveitarfélag geti uppfyllt skilyrði þess að vera eitt búsetu-, þjónustu- og atvinnusvæði.

Þó endurbætur hafi verið gerðar á veginum um um Mikladal á þessu ári eru aðrir hlutar hans orðnir mjög illa farnir og verulega erfitt að lagfæra veginn til að hann uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til vegstæða í dag og óhemju kostnaðarsamt. Vegurinn er brattur og hlykkjóttur og erfitt að finna nýtt vegstæði Tálknafjarðar megin sökum halla og brattrra hlíða. Því er ljóst að skynsamlegasta leiðin og að öllum líkindum ódýrari leið til að bæta samgöngur um Mikladal er að leggja þar göng sem eru því sem næst á láglendi frá Patreksfirði til Tálknafjarðar eða um 5-5,5 km löng göng. Slík göng myndu efla verulega byggð og samskipti í nýju sveitarfélagi og koma samgöngum inn í 21. öldina.



Fjallvegurinn um Hálfán er einn af hæstu fjallvegum á landinu og því farartálmi að vetri til auk þess sem akstur um hann krefst mikils eldsneytis vegna hæðar og bratta. Vegurinn er auk þess mjórri en kveðið er á um í stöðlum í dag og í ljósi sífellt aukinnar umferðar flutningabíla vegna uppbyggingar í fiskeldi á svæðinu er aukin hættu á slysum þar sem erfiðleikar eru við að mæta þessum stærri farartækjum ásamt því sem ástand vegarins fer hríðversnandi vegna þessarar þungu ökutækja. Jarðgöng undir Hálfán myndu tryggja verulega bætta samgöngur í nýju sveitarfélagi og auðvelda íbúum og fyrirtækjum allar samgöngur ásamt því að draga verulega úr slyshættu og umhverfisáhrifum umferðar.

Íbúar á Bíldudal, Tálknafirði og Patreksfirði sækja vinnu, nám og þjónustu milli staða í sífellt meira mæli með uppbyggingu í fiskeldi og atvinnu tengdu því. Til að sameining þessara tveggja sveitarfélaga verði farsæl og nýtist íbúum og samfélögum til aukinnar velsældar og hagkvæmni er nauðsynlegt að Suðurfjarðagöng undir Mikladal og Hálfán verði sett frammar í forgangsroð stjórnvalda.

Það er því krafa íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum að Suðurfjarðagöng verði færð frammar í forgangsroð jarðgangaframkvæmda og vinna við rannsóknir og hönnun hefjist strax á næsta ári og framkvæmdir við byggingu ganganna hefjist strax að hönnun lokinni. Í því sambandi er bent á ályktun 68. Fjórðungsþings Vestfjarða sem haldið var í Bolungarvík 6. og 7. október 2023 þar sem þingið ályktar að unnið skuli samhliða að undirbúningi og hönnun bæði Suðurfjarðaganga og Álftafjarðarganga strax á fyrsta áfanga samgönguáætlunar og að framkvæmdir verði hafnar strax að hönnun lokinni. Þingið lýsti sig jafnframt hlynnt gjaldtöku vegna nýrra samgönguframkvæmda verði það til þess að hægt verði að flýta framkvæmdum á Vestfjörðum.

Veigamikill hluti af samgöngum eru samgöngur á sjó og mannvirki sem eiga að þjóna þeim. Sökum mikillar aukningar í fiskeldi á sunnanverðum Vestfjörðum á undanförunum áratug auk sífellt aukinnar umferðar um hafnir svæðisins er fyrirsjáanlegt að auka verður **viðhald og nýframkvæmdir í höfnum** svæðisins til að mæta þessari auknu umferð. Það er því miður að ekki skuli veitt meira fjármagni í Hafnarbótasjóð til að koma til móts við uppbyggingu í höfnum. Það eru einnig mikil vonbrigði að ekki er nema að mjög litlu leyti horft til nauðsynlegra framkvæmda við Tálknafjarðarhöfn í þessari áætlun. Vitað hefur verið lengi að stálpil á hafskipabryggju er orðið mjög viðhaldsþurfi og nauðsynlegt að endurnýja það sem allra fyrst til að bryggjan þjóni umferð sem allra best og sé örugg fyrir notendur. Ekki er nóg að lagfæra þekju heldur verður einnig að gera við stálþilið.

Því er þess óskað að framkvæmdir við **endurnýjun stálþils á hafskipabryggju í Tálknafirði** verði sett inn í samgönguáætlun. Gert verði ráð fyrir að rannsóknir og hönnun hefjist sem fyrst og stefnt að því að endurnýjun stálþils verði unnin ekki síðar en á 2. áfanga samgönguáætlunar.



Tálknafjörður

Tálknafjarðarhreppur - Kt. 640269-6779 - Strandgötu 38, 460 Tálknafjörður - sími: 450-2500 - talknafjordur@talknafjordur.is

Brýnt er að huga að endurnýjun **Breiðafjarðarferjunnar Baldurs** sem fyrst þar sem skipið sem sinna mun ferjusiglingum á Breiðafirði, Röst, er komið til ára sinna. Ekki er raunhæft að ætla 30 ára gömlu skipi að þjóna svæðinu í 10 til 15 ár í viðbót eins og gert er ráð fyrir í þessari tillögu að samgönguáætlun. Því þarf að flýta undirbúningi og hönnun nýrrar ferju sem kostur er.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,

  


Ólafur Þór Ólafsson  
sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps